

Spánverjar sátu um bæinn. Hann hefir nú í þrjár aldir verið aðalaðsetur frjálsra trúarskoðana á Hollandi og máske aldrei betur en einmitt nú. Það væri ekki of mikið að segja, að enginn nútíðar fræðimaður hafi gert meira til að gefa fólki skynsamlegan skilning á uppruna og þýðingu gamla testamentisins, heldur en Dr. Kuenen í Leyden. Starf þeirra prófessoranna Tiele, Scholten, Oort, Opzoomer Eerdmans og De la Saussage hefir einnig haft mjög mikla þýðingu fyrir útgreiðslu trúarlegs frjálshyðis.

Íbúatala Hollands er nær hálf sjötta millíón. Nokkuð yfir þrjá fimtu hluta íbúanna eru mótmælendur, hinir eru kaþólskir og gyðingar. Langstærst allra mótmælenda kyrkna er hollenzka endurbætta kyrkjan, sem þar til í byrjun nítjándu aldarinnar var ríkiskyrkja. Nú er engin ríkiskyrkja á Hollandi, allar hafa jöfn réttindi og fullkomið frelsi. Auðvitað býst enginn við miklum framförum í kaþólsku kyrkjunni, samt sjást þess merki, að jafnvel þar er hærri kritíkin að ryðja sér til rúms á meðal hinna gáfaðri manna. Það er í mótmælenda kyrkjunum, sem vonast má eftir frjálsum trúarbrögðum í framtíðinni.

Um miðja síðustu öld fór að votta fyrir framfara hreyfingu í trúmálum, sem sýndist vera mjög sterk og líkleg til, að mikið mundi af henni leiða; hún snerti að meira eða minna leyti alla mótmælenda flokkana. Hreyfing þessi varð þekkt undir nafninu „Nútíðarhreyfing“, og þetta nafn hefir síðan fest sig við frjálshynda flokkinn á Hollandi. Þeir, sem þessum flokki fylgja, hafna öllum orþódoxum trúarjátningum, í sannleika öllum trúarjátningum eða hverju því, sem miðað getur til þess að hefta frjálsa rannsókn og hugsanafrelsi. Tilgangur þeirra er hvorki sá, að byggja upp neinar vissar kenningar eða kyrkjustofnanir né heldur sá, að brjóta niður; hann er siðferðislegs og andlegs eðlis. Einn hinn bezt þekti leiðtogi þeirra hefir lýst trú þeirra í stuttu máli með þessum orðum: „Trú á lifandi guð, föður allra manna, hvers andi lifir í hjörtum allra hans barna, og sem ber að þjóna samkvæmt meginatriðunum úr kenningum Jesú.“ Það þarf naumast að benda á, að þessi trú er í fullu samræmi